

SKÓLARÁÐSFUNDUR

4.FEBRÚAR 2026

KL: 8:30, FUNDARHERBERGI,
MÝRARHÚSASKÓLA



MÆTTIR:

Eva, Höskuldur, Margrét í 6.bekk, Ragnheiður, Anna Mjöll, Einar, Laufey K og Kristjana

SJÁLFS MATS ÁÆTLUN

Til þessa hefur sjálfsmatsskýrslan verið gerð af okkur stjórnendum sjálfum í júní en núna erum við komin með forritið Brava Lesson, sem miðar að því að setja inn matsáætlanir og stefnan sett á nokkur ákveðin markmið. Núna er áherslan lögð á: Nám og kennslu, innra mat og námsárangur nemenda. Brava Lesson er mjög gott tölvukerfi sem hjálpar stjórnendum með símat að taka stöðuna á skólastarfinu með markvissari hætti.

STARFS ÞRÓUNAR ÁÆTLUN

Drög komin að 2026 – 2031

Hvert stefnir skólinn? Markmiðin eru nú þegar skýr: Við ætlum að styrkja fagmennsku kennara og styðja áfram við innleiðingu nýrrar Aðalnámskrár og innleiða Heillaspor, sem stuðlar að betri samskiptum og meiri vellíðan. Leiðsagnarnámið heldur áfram og verkefni eru meira samþætt. Núna er meira hugsað um hæfniviðmið heldur en sjálfstæð verkefni eða blaðsíður í skólabókum. Tilgangur náms og markmið kennslustundar eru nú meira skýr en áður og sett fyrir framan nemendur í hverri kennslustund.

Skyndihjálpin er á sínum stað og ýtt verður undir nýsköpun í skólastarfi.

ÖNNUR MÁL

Framkvæmdir á þaki eru hafnar núna; það er verið að laga leka á meðan nemendur sinna í Skýinu. Þakið verður lagað 100% 2027 en nú er verið að fjarlægja rakaskemmt efni.

Aukið öryggi á meðal starfsmanna: Nú bera allir starfsmenn skólans einkennisspjöld eða auðkenniskort. Nemendum finnst þetta þægilegt, nú vita þau upp á hár hver er að vinna í skólanum.